

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023 , 172. mál.

Nafn sendanda: Strætó bs.

Dagsetning 26.10.2018

Varðandi grein:

4.1 Markmið um greiðar samgöngur.

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

...

5. Almenningsamgöngur verði skipulagðar sem heildstætt kerfi á landi, legi, og í lofti og gætt verði jafnræðis í stuðningi ríkisins við framkvæmdaaðila.

Umsögn:

Stuðningur ríkis ætti að vera í samræmi við mögulega nýtingu almennings og ávinning sem hlíst af aukinni notkun. Hér ætti að vera tekið inn í myndina þjóðhagsleg hagkvæmni og umhverfislega sjálfbær þróun (líkt og gert er í fyrri Samgönguáætlun). Það eru miklir möguleikar á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingu almenningsamgangna með því að greiða fyrir almenningsamgöngum. Bílaumferð eykst og tafir aukast og takmarkað rými er í boði. Því þarf að hvetja íbúa höfuðborgarsvæðisins til að breyta ferðavenjum sínum og velja almenningsamgöngur, hjól og göngu fram yfir einkabílinn. Til að það sé mögulegt þarf að vera hvati fyrir hendi. Almenningsamgöngur þurfa að vera áreiðanlegar og tíðar. Til þess að það sé mögulegt þarf mun meiri forgang fyrir almenningsvagna til að vagnar festist ekki í umferð.

Ekki er nefnt hér að almenningsamgöngur milli þéttbýlisstaða og innan þéttbýlis verði eflaðar. En eins og kemur fram í fyrri Samgönguáætlun þá eru öflugar almenningsamgöngur greiðar og auka hreyfanleika og aðgengi.

Það að setja flugsamgöngur undir sama hatt og almenningsamgöngur fylgir vandkvæði og kemur í veg fyrir að hægt sé að samnefna almenningsamgöngur sem umhverfislega sjálfbærar. Því mælumst við frekar til þess að tala um flugsamgöngur og ríkisstyrktar flugsamgöngur. Einnig hentar betur að líta á ferjur sem framlengingu (staðgengil) vegakerfis frekar en almenningsamgöngur sem slíkar.

Varðandi grein:

4.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur.

6. Unnar verði greiningar á ferðavenjum með hliðsjón af álagstoppum í morgun- og síðdegisumferð á höfuðborgarsvæðinu og mögulegum úrbótum, s.s. hliðrun á opnunartíma og starfsemi stórra opinberra stofnana.

Umsögn:

Í fyrri Samgönguáætlun er hér nefnt að: samgönguyfirvöld [leggi] áherslu á að skipulag landnotkunar stuðli að breyttum ferðavenjum. Unnin verði greining og tillaga að hliðrun á opnunartíma og

starfsemi stórra opinberra stofnana til að minnka álagstoppa í morgunumferð einkabíla og almenningsvagna.

Tekið hefur verið út að skipulag landnotkunar stuðli að breyttum ferðavenjum. Breyttar ferðavenjur er eitthvað sem verður að gerast á höfuðborgarsvæðinu til að minnka umferðarmagn. Því mælumst við til að þetta sé aftur sett inn í Samgönguáætlun.

Varðandi grein:

4.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Verkefni til að ná þessu markmiði verði m.a.:

...

j. Efling almenningsamgangna og deiliahagkerfis í samgöngum.

Umsögn:

Lítið er skýrt hvering þessu markmiði skal framfylgt. Efling almenningsamgangna og deiliahagkerfis í samgöngum er mjög jákvætt en hvernig skal því framfylgt. Hver ber ábyrgð og hvar verður fjármagn sett í þennan lið til að efla almenningsamgöngur og deiliahagkerfi.

Hér vantar að lögð sé áhersla á að stuðla að breyttum ferðavenjum sem eru forsenda fyrir því að umferð einkabílsins minnkar. Í fyrri Samgönguáætlun er í þessum lið sett markmið um að unnin verði áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélög með aukna áherslu á almenningsamgöngur, göngu og hjólreiðar og að með áætluninni verði dregið úr mikilvægi einkabíla og breyta ferðavenjum. Mælt er til þess að það markmið um breyttar ferðavenjur fái að lifa áfram í nýrri Samgönguáætlun.

Í áætlunina vantar meiri áherslu á breyttar ferðavenjur og skýrari skilgreiningar á hlutverkum. T.d. í liðnum um Bætt umferðarflæði og almenningsamgöngur. Þar vantar að skilgreina skýrt hlutverk hvers það er að forgangsraða aðgerðum og undirbúa í samvinnu Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorni landsins.

Virðingafyllst

Jóhannes S. Rúnarsson